

Alþingi
Erindi nr. P 127/1772
komudagur 9.4. 2002

Nefndasvið Alþingis
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 9. apríl 2002.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu stjórnsýslulögum. Þskj. 942 – 598. mál. 127. löggjafarþing 2001-2002.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og lætur hér með í té eftirfarandi umsögn:

Með ofangreindu frumvarpi eru lagðar til breytingar á 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi starfsmanna innan stjórnsýslunnar til meðferðar einstakra mála.

Tilfni þessa frumvarps er dómur Hæstaréttar frá 23. maí 2001 í málinu Íslenska ríkið gegn Stjórnugrís hf., þar sem vanhæfi tiltekinna starfsmanna ráðuneytis, var jafnframt talið valda vanhæfi ráðherrans sjálfs og annars starfslíðs hans.

Það er álit laganefndar að ofangreindur dómur verði vart túlkaður með öðrum hætti en að með honum sé verið að innleiða nýja reglu hér á landi þess efnis að vanhæfi undir-
manns til meðferðar máls kunnri jafnframt að leiða til þess að yfirmaður hans verði vanhæfur í sama máli.

Laganefnd fellst á þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum við lagafrumvarp þetta að með ofangreindum dómi hafi skapast réttaróvissa sem bregðast þurfi við, enda má ætla að rekstur stjórnsýslunnar verði erfiðleikum bundin af öðrum kosti.

Laganefnd mælir því með, að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller, hrl.
formaður